

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum nr. 26/2023-2024 um áframhaldandi gildi starfsreglna um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

Starfsreglur um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingum, halda gildi sínu til 1. júní 2025.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Á yfirstandandi kirkjuþingi, þ.e. 65. kirkjuþingi 2023-2024, voru, í 26. máli, samþykktar starfsreglur um áframhaldandi gildi starfsreglna um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingum. Var gildistími þeirra framlengdur til 1. júní 2024. Í greinargerð með málinu sagði:

„Leikmannastefna var haldin 14. október 2023. Viðræður hafa verið um sameiningu stefnunnar og Sókna sambands Íslands. Fyrirhugað er að vinna tillögur um nýja skipan mála til framlagningar á kirkjuþingi í mars 2024. Núgildandi starfsreglur falla brott að óbreyttu í lok árs 2023. Því er lagt til að starfsreglurnar haldi gildi sínu lengur eða til loka maímánaðar 2024. Með því móti framlengist einnig umboð leikmannaráðs.“

Formenn leikmannaráðs og Sókna sambands Íslands eru að vinna að nýrri skipan mála samkvæmt framanskráðu. Ekki hefur unnist tími til að ganga frá tillögum fyrir fundi 65. kirkjuþings dagana 8. og 9. mars 2024. Stefnt er að því að leggja fram tillögur á næsta reglulega kirkjuþingi þ.e. að hausti 2024. Miðað er við, að óbreyttu, að endurskoðuð skipan mála hvað varðar á leikmannastefnu og Sókna samband Íslands geti öðlast gildi 1. janúar 2025. Eigi að síður þykir rétt að hafa framlengdan gildistíma rýmri, verði talið að meiri tíma þurfi til endurskoðunarinnar.